

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. **P** 136/764

komudagur 20. 1. 2004

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

15. janúar 2004

Tilvísun: 2003110036

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga, 204. mál, heildarlög.

Vísað er til bréfa efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 12.11. sl. og 18.11. sl., þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til nýrra laga um váttryggingarsamninga.

Nefnd sem skipuð var af viðskiptaráðherra á árinu 1999 skilaði af sér drögum að frumvarpi til nýrra laga um váttryggingarsamninga í júlí 2002 sem kæmi í stað laga um sama efni frá árinu 1954. Fjármálaeftirlitið átti fulltrúa í nefndinni sem samdi frumvarpsdrögin. Frumvarpið var samið með hliðsjón af norskum lögum um váttryggingarsamninga, sem byggja mjög á neytendasjónarmiðum, og með hliðsjón af íslenskum aðstæðum. Einnig eru fyrirhugaðar breytingar á lögum um váttryggingastarfsemi í tengslum við mál þetta sbr. reglur um upplýsingaskyldu og val á löggjöf um váttryggingarsamninga.


Fjármálaeftirlitið hefur ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið tekur undir þá auknu neytendavernd sem felst í frumvarpinu. Þess ber þó að geta að frumvarpið miðar við það að lögin taki gildi 1. janúar 2005. Ljóst er að váttryggingafélög munu þurfa aðlögunartíma frá samþykkt nýrra laga að gildistöku þeirra. Fjármálaeftirlitið telur að váttryggingafélög þurfi a.m.k. eins árs aðlögunartíma.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að frumvarp til nýrra laga um váttryggingarsamninga verði samþykkt á Alþingi, því það geymir mikilvæg nýmæli.

Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að veita fyllri upplýsingar um ákvæði frumvarpsins, ef óskað er, t.d. að fengnum umsögnum aðila á váttryggingamarkaði.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Rúnar Guðmundsson